

Ár 2005 15. desember var 243. fundi fram haldið kl. 15:00. Mætt Gústaf Jökull Ólafsson oddviti, Egill Sigurgeirsson varaoddviti, Björk Bárðardóttir, Áslaug Guttormsdóttir og Bjarki Stefán Jónsson. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Eftir að boðuð dagskrá hafði verið lesin upp, óskaði sveitarstjóri eftir að bæta nokkrum málum við undir dagskrárliðnum “önnur mál.” Samþykkt.

Var nú gengið til dagskrár.

Fundargerðir nefnda

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 242. fundar hreppsnefndar sem haldinn var 14. nóvember. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerð bókasafnsnefndar 15. nóvember 2005. Samþykkt.
- 3) Fundargerð fjallskilanefndar 19. nóvember 2005. Samþykkt.
- 4) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 8. desember 2005. Samþykkt.

Mál til afgreiðslu

- 1) Fjárhagsáætlun 2005, fyrri umræða. Nokkrar umræður urðu um málið. Áætlunin verður endanlega afgreidd við síðari umræðu 12. janúar nk.
- 2) Ákvörðun um útsvarshlutfall árið 2006. Oddviti lagði til að útsvarshlutfallið yrði lækkað úr 13,03% í 12,96%. Björk lagði til óbreytt hlutfall 13,03%. Tillaga Gústafs felld með fjórum atkvæðum gegn einu. Samþykkt óbreytt hlutfall 13,03%.
- 3) Mat á umhverfisáhrifum, Vestfjarðavegur nr. 60 “Bjarkalundur-Eyri. Erindi frá Skipulagsstofnun sem biður um umsögn hreppsnefndar um fyrirbyggjandi matsskýrslu.

Bjarki Stefán Jónsson yfirgaf fundinn kl. 18:30

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Samþykkt var eftirfarandi umsögn:

Reykholahreppur leggur áherslu á mikilvægi vegabóta í Gufudalssveit fyrir íbúa og aðra vegfarendur. Vísað er til fyrirbyggjandi skýrslu Rannsóknastofnunar háskólans á Akureyri “Samfélagsáhrif og arðsemi” sem fjallar um vegtengingar á Vestfjörðum. Þar kemur vel fram mikilvægi styttinga í Gufudalssveit (svokölluð leið B) þar sem vegurinn verður á láglandi.

Áfangi I, Bjarkalundur - Þórisstaðir

Þverun Þorskaftjarðar er gríðarlega mikilvæg, enda styttir hún leiðina um 9,5 km. Hreppsnefnd telur að öll stytting á vegum hafi jákvæð áhrif fyrir umhverfið, þar sem hún minnkar útblástur frá bílvelum. Sama gildir reyndar þegar vegir flytjast af fjöllum niður á láglandi.

Áfangi II, Þórisstaðir - Kraká

Sem fyrr mælir hreppsnefnd eindregið með leið B, enda eiga brattir fjallvegir að heyra sögunni til. Sú leið liggur í gegnum Teigsskóg. Huga þarf að því að taka eins lítið rými undir veginn sjálfan og kostur er, þannig að sem minnst verði gengið á skóginn sjálfan. Hreppsnefnd leggur áherslu á að annar áfangi þessarar leiðar verði boðinn út í einu lagi. Ekki kemur til greina að lagður verði bráðabirgðavegur um Grónes sunnanvert.

Sömuleiðis er mjög mikilvægt að huga að vegtengingu bæjanna fjögurra, þ.e. Djúpadals, Brekku, Gufudals og Fremri-Gufudals, sem verða fyrir mestri röskun ef leið B verður valin. Safn- og tengivegir heim að þessum bæjum lengjast og ganga þarf vel frá þeirri vegagerð í samráði við ábúendur. Djúpadalsbæinn verður að tengja með vegi út Djúpaþjörð sunnanverðan. Gufudalsbæina og Brekku skal tengja með vegi um Hofsstaðahlíð.

Með B-leiðinni styttest mjög leiðin bæði að Skálanesi og Múla í Kollafirði sem hlýtur að teljast mjög jákvætt.

Áfangi III, Kraká – Eyri í Kollafirði

Varðandi Skálanes er hreppsnefnd sammála Vegagerðinni um að svokallaður “miðkostur” sé heppilegasta veglínan.

Efnistökusvæði

Hvað námur (efnistökusvæði) snertir ber að vinna eins lítil spjöll og unnt er. Einkum þarf að huga vel að Grónesi í þeim efnum. Nánum nr. 9b, 9c, 10 og 32 sem allar eru á Grónesi ætti alveg að sleppa að nýta.

- 4) Stuðningur við Snorraverkefnið 2006. Erindi frá verkefnisstjórn Snorraverkefnisins. Erindinu hafnað.

Mál til kynningar

- 1) Skrá frá Hagstofu Íslands yfir lögheimilisflutninga úr sveitarfélaginu og í það tímabilið 12. desember 2004 til 16. nóvember 2005.
- 2) Erindi Reykhólahrepps til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna útgjalda jöfnunarframlaga.
- 3) Svar Reykhólahrepps við fyrirspurn Fjórðungssambands Vestfirðinga vegna endurskoðunar laga um jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- 4) 62. fundur Breiðafjarðarnefndar 12. september 2005. Fundargerð.
- 5) 62. fundur barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum. Fundargerð.
- 6) Vígsla íþróttamiðstöðvarinnar á Patreksfirði 10. desember 2005. Enginn hafði því miður tök á að fara f. h. Reykhólahrepps.
- 7) Vestfjarðasýning í Perlunni 5-7. maí 2006. Fyrirspurn frá Markaðsstofu og ATVEST um hugsanlega þátttöku Reykhólahrepps. Hreppsnefnd tekur jákvætt í málið.

Önnur mál

- 1) Afgreiðsla á erindi Einars T. Kristinssonar í Gufudal frá 10. október sl. varðandi ríkisjörðina Hofsstaði í Gufudalssveit. Erindinu synjað.

- 2) Kynning á fundarboði á Reykhólum í janúar 2006 vegna NORCE-verkefnis.
- 3) Tilboð frá MS-Selfossi um kaup á tankbíl fyrir Slökkvilið Reykhólahrepps (óskast vísað til fjárhagsáætlunar). Samþykkt að vísa því þangað.
- 4) Skáleyjasiglingar 2005, skýrsla Björns Samúelssonar. Lögð fram til kynningar.
- 5) Fyrirliggjandi tillögur framkvæmdanefndar um nýskipan lögreglumála; tillaga sveitarstjóra að ályktun hreppsnefndar um þessi mál. Eftirfarandi tillaga sveitarstjóra samþykkt:

Hreppsnefnd Reykhólahrepps fagnar öllum hugsanlegum umbótum á löggæslu í Reykhólahreppi, en eins og áður hefur komið fram hefur lögreglunni á Patreksfirði ekki verið sköpuð viðunandi aðstaða til þess að veita íbúum sveitarfélagsins löggæslu. Fyrirliggjandi tillögur framkvæmdanefndar um nýskipan í lögreglumálum gera ráð fyrir að lögreglustjórn í Reykhólahreppi flytjist frá Patreksfirði til Borgarness. Hreppsnefndin telur mun mikilvægara að efla löggæslu á Reykhólum með þeirri aðalkröfu að stöðu lögreglumanns verði komið upp á Reykhólum og til vara að fjölgað verði í liðinu í Búðardal. Tillögur nefndarinnar gera ekki ráð fyrir eflingu af þessu tagi og vandséð að löggæsla í Reykhólahreppi eigi eftir að eflast við það eitt að lögreglustjórnin flytjist til Borgarness og að Dalasýsla verði áfram eina sýslan með einn lögreglumann.

Hreppsnefnd lýsir yfir eindregnum stuðningi við fyrirliggjandi tillögu sýslumannsins á Patreksfirði um sameiningu lögregluliðanna á Patreksfirði, í Búðardal og á Hólmavík undir eina stjórn og telur að það geti verið mjög góð lausn fyrir íbúa á þessu svæði, ekki síst í ljósi þeirra vegabóta sem framundan eru á næstu árum í Gufudalssveit til Patreksfjarðar annars vegar og um Arnkötludal til Hólmavíkur hins vegar.

- 6) Kynnt afrit af stefnu Haflínu I. Hafliðadóttur gegn Reykhólahreppi sem lögmaður hreppsins móttók í nóvember. Gerð er krafa um skaðabætur að fjárhæð kr. 3.523.612,- (bætur v/tekjumissis + miskabætur) vegna þess að hún var ekki ráðin sem sjúkraliði við Barmahlíð árið 2004 þrátt fyrir umsókn, heldur var ófaglærður ráðinn í hennar stað.

Áslaug yfirgaf nú fundinn (kl. 20:50)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

- 7) Rætt um löndunargjöld, gjaldskrá Reykhólahafnar og vatnsgjald.

Fleira ekki gert. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:23

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)